



Samskiptasáttmáli kjörinna fulltrúa Akureyrarbæjar

1. Sáttmáli þessi nær til kjörinna fulltrúa þ.e. bæjarfulltrúa og nefndarmanna og varamanna þeirra.
2. Sáttmálinn gildir um samskipti allra kjörinna fulltrúa í pólitísku starfi innan bæjarkerfis og utan.
3. Svona viljum við hafa samskipti á fundum:
 - Við virðum skoðanir hvers annars.
 - Við erum kurteis og yfirveguð.
 - Við sýnum hvert öðru virðingu.
 - Við erum málefnaleg og hnitmiðuð í málflutningi.
 - Við höldum athygli og hlustum á hvert annað.
 - Við mætum á réttum tíma.
 - Við virðum fundarstjórn.
 - Við erum vel undirbúin.
 - Við erum hreinskilin.
 - Við rýnum til gagns.
 - Við gætum að orðalagi og fasi.
4. Fundarstjóri þarf enn fremur að:
 - sjá til þess að allir fái að tjá sig
 - passa að allar skoðanir komi fram
 - halda tímaáætlun
 - leiða fram niðurstöðu
 - gera stutt fundarhlé á löngum fundum.
5. Samskiptasáttmáli þessi skal yfirfarinn og eftir atvikum uppfærður á tveggja ára fresti eða fyrr ef tilefni þykir.